

**Sp. 760. Tillaga til þingsályktunar [196. mál]**

um búrekstur á prestssetursjörðum o. fl.

Flm.: Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um endurbyggingu prestssetra í landinu, að því er tekur til íbúðarhúsa, peningshúsa svo og annarra bygginga, vegna búrekstrar á þeim, svo og ræktunar að því marki, að hvert prestssetur framfleyti meðalbúi miðað við ræktunarbúskap og búrekstrarskilyrði á hverjum stað.

Jafnframt fari athugun fram á því, hver prestssetur, að þessum umbótum fengnum, geti látið land til nýbýlastofnana. Jafnframt verði fyrir því séð, ef endurskoðun sú, sem fyrir liggur varðandi prestakallaskipan í landinu, gerir ráð fyrir, að einhverjar af núverandi prestssetursjörðum verði lagðar niður sem prestssetur, þá verði þeim ráðstafað í erfðaábúð til bænda.

**Greinargerð.**

Alþingi hefur þegar ákveðið, að prestakallaskipun landsins skuli endurskoðuð á þessu ári. Samhliða þeirri endurskoðun er nauðsynlegt, að fram fari ýtarleg athugun á þeim atriðum, sem í þáttill. þessari felast. — Nánar í framsögu.